

## 5. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í A sal ÍSÍ, miðvikudaginn 23. mars 2022, kl. 17:00.

Mættir: Sólveig Jónsdóttir (á Teams), Eva Hrund Gunnarsdóttir, Þórey Kristinsdóttir, Kristinn Arason, Marta Sigurjónsdóttir, Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölнисdóttir og Axel Þór Eysteinnsson.

Forföll boðaði: Magnús Heimir Jónasson og Guðbjörg Snorradóttir

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

### Málefni tekin á fundi

#### 1. Drög að rekstrarreikningi 2021 – Til samþykktar

Eva fór yfir drög að rekstrarreikningi 2021. Stjórn samþykkti drög að rekstrarreikningi.

#### 2. Hækkun leyfisgjalda – Til samþykktar

Eva fór yfir tillögu að hækkun leyfisgjalda sem kynnt var á síðasta formannafundi. Leyfisgjöld hafa ekki hækkað síðan árið 2016. Með tilliti til neysluvísitölu þá ættu koparleyfin að vera komin upp í 3.403 kr., bronsleyfin í 4.111 kr., silfurleyfin í 5.320 kr. og gullleyfin í 5.925 kr. Tillagan til stjórnar varðandi hækkun er því eftirfarandi: Bronsgjöld hækki um 500 kr. eða upp í 3.900 kr., silfurgjöld hækki um 500 kr. eða upp í 4.900 kr. og gullgjöld hækki um 200 kr. eða upp í 5.100 kr.

#### 3. Hækkun mótagjalda – Til samþykktar

Eva fór yfir tillögu að hækkun mótagjalda sem kynnt var á síðasta formannafundi. Mótagjöld hafa ekki hækkað síðan árið 2013 og ef þau hefðu hækkað með tilliti til neysluvísitölu þá ættu þau að vera komin upp í 3.339 kr. í dag. Tillagan er því að hækka mótagjöld upp í 3.100 kr. eða um 500 kr. Tillagan var samþykkt.

#### 4. Bréf til ÍSÍ – Til upplýsinga

Sólveig sendi ÍSÍ bréf varðandi endurskoðun á nokkrum þáttum í Afrekssjóðsúthlutun ásamt ósk um auka úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna Evrópumóts í hóp fimleikum. Á fundinum var farið yfir þessi bréf.



## 5. Sameiginlegt lið á Bikarmóti – Til upplýsinga

Fyrirspurn barst frá Keflavík og Fjölni um sameiginlegt lið á bikarmóti í þrepum, fyrirspurnin var samþykkt.

## 6. Verkefnastaða á skrifstofu – Til upplýsinga

Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi hjá skrifstofu og hver þau verða í framhaldinu. Þórey fór yfir stöðuna á landsliðsþjálfaramálum kvenna.

Fundi slitið kl. 18:30.